

# Gleði haldið á loft

## Leiklist

Jóhann Hjálmarsson

Leikfélag Reykjavíkur:

ÁSTIN SIGRAR.

Gleðileikur eftir Ólaf Hauk Simonarson.

Leikmynd og búningar: Jón Þórisson.

Lýsing: Daníel Williamsson.

Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson.

Ólafur Haukur Simonarson segir að eftir að leikrit hans Milli skinnis og hörunds var komið á fjallir í Þjóðleikhúsinu „fórum við að skemmta okkur ég og ritvél mín. Ástin sigraði“.

Árangurinn var gleðileikurinn Ástin sigrar.


Gleðinni er haldið á loft í leikriti Ólafs Hauks. Skiptir ekki máli hvort leikritið er kallað gaman- eða ærslaleikur. En vissulega eru í því alvarlegir undirtónar eins og vera ber.

Sambúð og sambúðarvandamál verða illilega fyrir bardinu á höfundum leikritsins. Skopast er að opnu hjónabandi, vaxtarækt, grænmetisáti og ýmsu því sem herjar á nútímafólk. Ástamálin eru flókin og ófugsnúin að vanda og ýmislegt ólíklegt kemur í ljós þegar liður á leikritið, persónur afhjúpaðar. En allt fer þetta fram á græskulausan hátt. Fólk

er hvorki vont né gott. Það er einfaldlega fólk.

Kjartan Bjargmundsson leikur hinn óhamingjusama Hermann sem vill ekki missa Dóru sína sem Valgerður Dan leikur. Hann er ekki fyllilega ánægður með að sitja uppi með stúlkuna Kristínu sem Ása Svavarsdóttir leikur. Núi tannlæknir, leikinn af Gísla Halldórssyni, er farinn að gera hosur sínar grænar fyrir Kristínu, en Dóra hafnar í höndum kraftakarlsins Halls, Jóns Hjartarsonar, sem rekur vaxtarækt og mælir með heilbrigðu lífi. Bríet Héðinsdóttir er Drop-laug, aðstoðarstúlka Nóa tannlæknis, fyrst úr lagi færð og ósjáleg, en kemur í ljós að hún er alls ekki ólöguleg miðaldra dama. Margrét Ólafsdóttir leikur Oddnýju, móður Hermanns, sem er ekkja og krækir sér í ung- an mótórhjólagaþjá, Arnljót sem Helgi Björnsson gæðir lífi. Ónefndur er þá Steindór Hjörleifsson í hlutverki Gumma.

Týpunar í Ástin sigrar eru á köflum svolítið Dariofolegar, fyrst og fremst skopgerðar persónur, ekki sérstaklega trúverðugar frá raunsséssjónarmiði. Samræmis í þessum efnun gætir höfundur vel, enda fer illa á því að blanda saman raunverulegum persónum og ýkjumyndum í gervi manna. Þetta háir



Ása Svavarsdóttir, Kjartan Bjargmundsson og Gísli Halldórsson eru meðal leikara í Ástin sigrar.

stundum ærslaleikjum, en eins og fyrr varast Ólafur Haukur vitin.

Ástin sigrar er tilraun til að skapa íslenskan gleðileik og heppnast sem slík, enda þótt leikritið geti ekki talist tíðindi í íslenskum leikbókmenntum. En það er ágætis skemmtun. Þórhallur Sigurðsson sýnir hér sem áður að hann er smekklegur leikstjóri og fundvís á þau atriði

sem skipta máli, leggur alúð við hið smæsta og hefur erindi sem erfíði. Leikmynd Jóns Þórissonar er með léttum og óhátiðlegum blæ og hvað bjart er yfir henni ekki síst Daníel Williamssyni að þakka, en hann sér um lýsingu.

Kjartan Bjargmundsson nær sér vel á strík í gamanhlutverkum og sýnir vel hæfileika sína í Ástin sigrar. Valgerður Dan kom á óvart í hlutverki Dóru.

Slík hlutverk hafa verið fá á hennar leikferli, en hún virðist kunna á þeim góð tók. Jón Hjartarson hef ég sjaldan séð leika jafn óþvingað og hann gerði í hlutverki Halls. Allir hinir leikararnir áttu þátt í að skapa kátlegt andrúmsloft: Gísli Halldórsson, Bríet Héðinsdóttir, Ása Svavarsdóttir, Margrét Ólafsdóttir (hún ekki síst), Steindór Hjörleifsson og Helgi Björnsson.

# Gömul minni — ný viðhorf

## Myndlist

Bragi Ásgeirsson

FERILL íslenskra myndlistarmanna er stóðu í eldflunni um ný viðhorf eftir seinni heimsstyrjöldina, er um margt sérstæður. Engir íslenskir myndlistarmenn hafa mætt jafn hatrammi andstöðu í orði og á borði og þeir, og engir verið nær því að vera hataðir og smáðir, hlegið að þeim og list þeirra höfð í flimtingum.

Deilur þær, sem á eftir hafa risið eru næsta smávægilegar miðað við það moldrok er á þessum mönnum dundi árum saman. Það taldist líka til viðburðar ef mynd eftir þessa menn seldist og kaupandinn var umsvifalaust talinn í meira lagi klikkaður.

Kappið var mikið í hinum ungu listamönnum ekki síður en í nýbylgjumálurum í dag og þeir gripu feginshendi hverja nýjung að utan. Slíkt bendir vafalítið til þess, að hin listræna staðfesta og sannfæring risti ekki nægilega djúpt, og að kappið sé meira en forsjáin. Sumir lentu í ógöngum er þeir fundu sig ekki í því sem efst var á baugi og voru ár geometriunnar ýmsum einkum örlagarík, — þeir hættu að mála um árabíl eða lögðu fyrir sig hagnýta myndlist, eins og auglýsingahönnun hét þá á sínu máli og var í móð. Hagnýt myndlist var töfraorð og var mörgum sem björgun úr sálarháská.

Er ný viðhorf ruddu geometriunni af stalli tóku sumir við sér aftur og hófu að mála á ný að fullum krafti. Aðrir fóru sér hægjar í sakirnar en hefur svo

jafnt og þétt vaxið ásmegin og eru þannig virkari í list sinni í dag en þeir hafa nokkru sinni verið áður.

Einn af þessum málurum er Kjartan Guðjónsson, sem þessa dagana er með stóra myndverksýningu í vestari sal Kjarvalsstaða. Hefur það verið einkar fróðlegt að fylgjast með afköstum hans hin síðari ár, en hann vinnur á mjög breiðu sviði en hefur þó markað sér sérstakan stíl, sem er auðþekkjannlegur yfir alla línuna. Hvort sem hann vinnur í málverki, vatnslit, tréristu eða myndrissi.


Í gamla daga, er hann kom fyrst fram, voru listamanninum einkum hugleikin myndefni af verkafólki og frá sjávarsíðunni, sem hann stíllseraði mjög og útfærði í anda meistaranna frá Frans.

Eftir ýmsar krókaleiðir um völunderhús listarinnar eru þessi myndefni aftur orðin burðarásin í list Kjartans Guðjónssonar en hann malar þau samkvæmt nýjum og breyttum viðhorfum, þannig að um endurteknar er ekki að ræða. Þetta er listamanninum vel ljóst sjálfum enda er hann sem fyrr segir haldinn einstakri starfsgleði um þessar mundir. Máski hefur nýbylgjumálverkið enn frekar ýtt undir sannfæringu hans.

Hvað nýbylgjur snertir, þá eru það að vissu marki einkenni einangrunar og minnimáttarkenndar að hlaupa stjórnlaust á eftir nýjungum að utan ekki síður en ef viðkomandi gerist samdauna umhverfinu. En þetta, að verða fyrir áhrifum, er lyfta undir eigin listsköpun er allt annars edlis og aflvaki átaka við viðfangsefni.



Kjartan Guðjónsson við eitt verka sinna.



Þau viðfangsefni, sem Kjartan Guðjónsson hefur valið sér eru frjófum listamanni ótæmandi uppspretta. Málverk listamannsins hafa einnig tekið miklum stakkaskiptum frá því í gamla daga, öryggið og starfsgleðin eru ólíkt meiri. Myndirnar eru frísklega málaðar og af mikilli leikni, fágun og færni, en helst saknar maður kröftugri átaka og safaríkari efnismeðferðar. Myndirnar

ar geta virkað nokkuð felldar og sléttar á köflum og myndmálið full kerfisbundið.

Þegar maður skoðar þessar myndir þá kemst maður ekki hjá því að hugleiða hve ágætt hefði verið ef listamaðurinn hefði haldið sér við þetta myndsvið í gegnum þykkt og þunnt, þróað það hægt og bitandi og látið allar tímabundnar sveiflur og allsherjarsannleik lönd og leið. En slíkt var erfitt, já fjarska erfitt því að á tíma kalda stríðsins svonefnda, þrjósku og sérhyggju, þróuðust og einnig niðbröngar skoðanir í listum, — og listamenn eru börn síns tíma.

Heimurinn hefur tekið miklum stakkaskiptum og skoðanir fólks einnig, ég efast t.d. stórlega að þessi sýning hefði fallið fólki í geð fyrir 40 árum eða svo. En nú er þetta myndefni orðið að einskonar nostalgíu, — tákn tíma, — sem eru að hverfa í hit tæknivæðingarinnar. Jafnvel



leikurinn er orðinn tölvuvæddur og myndbandið er komið í stað sippubandsins...

Það er máski táknrænt, að sú mynd er mér er einna minnisstæðust fyrir þróaða og sannfærandi myndbyggingu, hraða og jafnvægi er einmitt af tveimur börnum að leik og þríhjól með gamla laginu úti í horni; „Sippuböndin“ (11). Hér þykir mér listamaðurinn í essinu sínu og þessi mynd getur talist samnefnari fyrir það besta á sýningunni svo sem mér kemur það fyrir sjónir.

**S**terkur og hagkvæmur auglýsingamiðill!  
Morgunblaðið